

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 1.800 til skipaðs verjanda, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Fimmtudaginn 25. mars 1982.

Nr. 64/1982. **Páll S. Pálsson**
 gegn
dómsmálaráðherra.

Kærumál. Gjafvarnarlaun. Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands um frávísun máls staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp hinn 17. febrúar 1982 af stjórn Lögmannafélags Íslands, þeim Helga V. Jónssyni, Jóhanni Nielssyni, Jóni Steinari Gunnlaugssyni, Kristni Björnssyni og Ólafi Axelssyni.

Sóknaraðili fékk vitneskju um uppsögu úrskurðarins 27. febrúar 1982 og kærði hann til Hæstaréttar 1. þ. m. samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 61/1942. Bárust skjöl málsins Hæstarétti 12. þ. m.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og stjórn Lögmannafélags Íslands dæmt skylt að kveða upp efnisúrskurð um þá kröfu, sem hann lagði fyrir hana til úrskurðar. Sérstök greinargerð til Hæstaréttar hefur ekki borist frá sóknaraðilja.

Greinargerð hefur ekki borist frá varnaraðilja. Hefur hann lýst yfir því við stjórn Lögmannafélags Íslands, að hann muni ekki láta kærana til sín taka.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður stjórnar Lögmannaféags Íslands 17. febrúar 1982.

Mál þetta lagði sóknaraðili fyrir stjórn LMFÍ með bréfi, dags. 22. jan. 1982, svohljóðandi:

„Hinn 27. október 1978 féll dómur í héraði í máli ríkisins vegna eignarréttar að Landmannaafrétti.

Undirritaður sem skipaður talsmaður Landmannahrepps fékk tildæmd gjafvarnarlaun kr. 3.500.000. Með semingi greiddi ríkissjóður kr. 2.500.000, en dóms- og fjármálaráðuneyti neituðu alfarið, að ríkið greiddi eftirstöðvarnar, og áfrýjuðu niðurstöðu héraðsdóms um gjafvarnarlaunin til Hæstaréttar til lækkunar. Hæstiréttur synjaði þeirri málaleitan með dómi sínum hinn desember s.l. og staðfesti að þessu leyti ákvörðun héraðsdóms.

Ég sendi þá reikning til ríkisins, þar sem ég krafði um kr. 10.000 (nýkr.) auk vaxta og hafði þá kröfu lága. Dóms- og fjármálaráðuneytisforstöðumenn kannast ekki við, að slíkar innstæður eigi að greiðast með vöxtum.

Ég tel, að ég geri sjálfum mér og allri stétt lögmanna hina mestu hneisu með því að viðurkenna slíka fjármálaspekj og spark til lögmanns fyrir starfslaun, sem greiða skal fyrir skyldustarf, og neyðist því til að skjóta málinu til úrskurðar stjórnar Lögmannafélags Íslands í krafti laga nr. 61/1942 um málflytjendur.

Krafa mín til úrskurðar er:

Eftirstöðvar gjafvarnarlauna, réttæmdra og gjaldfallinna 27. okt. 1978 nýkr. 10.000 og af henni dráttarvexti til 28. jan. 1982 nýkr. 16.906.00

Nýkr. 16.906.00

Er sú krafa lögð til úrskurðar, hvort réttkræf sé.

RÖK: Höfuðstólsskuld er óumdeilanleg og gjalddagi einnig.

Samkvæmt almennum reglum skulu vextir greiddir af skuldum frá gjalddaga, ef skuldunautar þrjóskað við að greiða án haldþærrar ástæðu.

Ég krefst tildæmdrar þóknunar úr hendi gagnaðila vegna ómaks þessa“.

Sóknaraðili hefur lýst því yfir, að krafa hans til úrskurðar lúti

einungis að því, hvort honum sé heimilt að reikna sér dráttarvexti af umræddum eftirstöðvum gjafvarnarlauna.

Eins og mál þetta liggur fyrir, verður að telja, að dómsmálaráðherra eigi einn varnaraðild í málinu.

Álit stjórnar LMFÍ.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur segir, að stjórn LMFÍ hafi úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflytningu, ef ágreiningur um það er borinn undir hana. Er hér um sérreglu að ræða, sem sætir þröngri lögskýringu. Einungis er kveðið á um endurgjald fyrir málflytningu, og getur stjórn LMFÍ ekki fallist á, að vaxtakafa af gjafvarnarlaunum falli þar undir.

Samkvæmt framansögðu heyrir mál þetta ekki undir úrskurðarvald stjórnar LMFÍ, og ber því að vísa því frá félagsstjórninni. Málskostnaður fellur niður.

Eins og mál þetta var lagt fyrir stjórn LMFÍ, þótti henni strax einsýnt, að hún hefði ekki úrskurðarvald um kröfu sóknaraðilja. Þótti því ekki ástæða til að senda erindi sóknaraðilja til umsagnar varnaraðilja.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá stjórn LMFÍ. Málskostnaður fellur niður.
